

verði hugmyndir Leiknis um uppsetningu á áhorfendaaðstöðu, sem áætlað er að rúmi um 300 manns, enda ljóst að núverandi aðstaða dugar ekki.

Frestað.

7. Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðismanna:

Legið hefur fyrir ósk í nokkur ár að girðing við battavöll í Foldaskóla verði lagfærð og hækkuð í öryggisskyni. Hvenær má búast við því að framkvæmdir við girðinguna hefjist?

8. Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata:

Íþrótt- og tómstundaráð leggur fram tillögu um að aðstaða til íþróttaiðkunar við Klambratún verði löguð hið fyrsta og gert verði ráð fyrir henni á fjárfestingaráætlun 2016. Í fyrsta lagi að fótboltavöllur við Lönguhlíð verði lagaður og verði margnota. Tveir eða þrír vellir verði gerðir í stað eins svo fleiri geti nýtt völlinn. A.m.k. verði einn völlur tyrfður eða gervigras notað en einn áfram með mól fyrir fjölbreytta notkun, t.d. brennibolta. Þá verði körfuboltavöllur lagaður og sett undirlag á pari við það sem er við Hagaskóla. Mikið líf er á þeim velli og notkun - bæði barna- og unglinga en einnig fullorðna.

Tillagan er í samræmi við tillögu hóps sem vann framtíðarskipulag á Miklatúni sbr. <http://www.hlidar.com/index.php/id/1966>. Þá er mælt til þess að við frekari uppbyggingu við Miklatún verði horft til framangreindra hugmynda sem unnar voru í samráði við íbúa.

Klambratún er Central Park okkar Reykjavíkinga. Mikið líf er alla daga á Klambratúni. Tillagan er einnig til þess fallin að gera dásamlegt útivistarsvæði enn betra. Þá er hún í samræmi við þá stefnu að gera almenningsíþróttum hærra undir höfði og stuðla að aukinni lýðheilsu borgarbúa.

Frestað.

9. Formaður Fjöltnis Jón Karl Ólafsson kynnti starfsemi félagsins ásamt Guðmundi Gunnarssyni framkvæmdastjóra. Jafnframt sátu fundinn stjórnarmennirnir Sveinn Ingvarsson og Ásgeir Heimir Guðjónsson. Farið var í skoðunarferð um Egilshöllina í lok fundar.

10. Lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þakka Fjölni fyrir góðar móttökur og þakkar félaginu fyrir öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf í Grafarvogi í næstum þrjá áratugi. Ljóst er að kröfur til starfsemi félagsins munu aukast á næstu árum í ljósi væntanlegrar íbúafjölgunar, m.a. vegna fyrirhugaðrar stækkunar Bryggjuhverfis og hugmynda um aukna íbúabyggð í Húsahverfi. Ljóst er að mikilvægt er að leysa aðstöðuvanda Fjöltnis vegna iðkunar inni-íþróttagreina í Grafarvogi. Á undanförunum árum hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í íþrótt- og tómstundaráði (ÍTR) reglulega flutt tillögur um aðstöðumál félagsins og bent á þörf þess fyrir viðbótarhúsnæði, t.d. með viðbótarframkvæmdum við Egilshöll eða annars staðar í hverfinu. Á fundi ÍTR 14. október 2011 lögðu sjálfstæðismenn til að leitað yrði leiða til að bæta úr aðstöðuvanda Fjöltnis fyrir inni-íþróttagreinar. Á fundi ÍTR 27. janúar 2012 lögðu sjálfstæðismenn til að hafnar yrðu formlegar viðræður sem fyrst við Fjölni vegna aðstöðuvanda félagsins. Á fundi ÍTR 9. nóvember 2012 samþykkti ráðið tillögu sjálfstæðismanna um að leitað yrði leiða til að bæta úr aðstöðuvanda Fjöltnis fyrir inni-íþróttagreinar. Á fundi ÍTR 21. febrúar 2013 lögðu sjálfstæðismenn fram tillögu um að óskað yrði eftir viðræðum milli Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og ríkisvaldsins um samstarf um

byggingu fjölnota íþróttahúss Borgarholtsskóla, sem samnýtt verði í þágu skólans og íþróttastarfs Fjölnis. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka þessar tillögur og óska eftir að þær verði hafðar að leiðarljósi við framtíðarstefnumótun í þágu íþrótt- og æskulýðsmála í Grafarvogi.

11. Fulltrúi framsóknar og flugvallarvina lagði fram eftirfarandi fyrirspurn:

Óskað er eftir kostnaðarútreikiningum af notkun Borgarholtsskóla af íþróttamannvirkjum Reykjavíkurborgar sem þau hafa aðgang að í dag án endurgjalds.

Fundi slitið kl. 14:35.

Þórgnýr Thoroddsen

Eva Baldursdóttir
Unnsteinn Jóhannsson
Kjartan Magnússon

Bjarni Þór Sigurðsson
Trausti Harðarson
Marta Guðjónsdóttir